

## 5. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnu-  
rýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann  
kostnað sem af mælingum hlýst annan en dagvinnulaun fastráðinna starfsmanna Vinnueftir-  
lits ríkisins.

## 6. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum um meðferð og notkun á sprengiefnum greiðir hver þátt-  
takandi gjald sem svarar til heildarkostnaðar námskeiðs hverju sinni deilt niður á alla þátt-  
takendur. Á sama hátt reiknast þátttökugjald vegna námskreiða vegna notkunar naglabyssu  
og námskeiða um öryggismál í meðferð og stjórnun farandvinnuvéla.

Gjald vegna verklegrar prófunar í notkun sprengiefna skal vera: kr. 281,25

Gjald vegna verklegrar prófunar tækjastjóra skal vera:

Fyrir próf á lyftara: kr. 112,50

Fyrir próf á aðrar vélar: kr. 225,50

Sé samtímis tekið próf á fleiri en eina vél skal prófgjald fyrir hverja vél  
eftir fyrstu vél vera: kr. 112,50

Gjaldskrá þessi sem sett er samkv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80 gr.  
laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til  
þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.  
Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 338/1982.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um útungunarstöðvar og ráðstafanir gegn kjúklingasótt og öðrum  
smitsjúkdómum hænsnfugla.**

## 1. gr.

Útungunarstöðvar nefnast í reglugerð þessari þeir staðir, ásamt nauðsynlegum húsa-  
kynnum og búnaði, þar sem stunduð er útungun á hænueggjum í vélum, hvort heldur  
ungarnir eru ætlaðir til sölu eða til nota á eigin búi.

## 2. gr.

- 2.1. Allir þeir sem stunda útungun á hænueggjum með vélum, skulu hafa til þess skriflegt  
leyfi landbúnaðarráðuneytisins.
- 2.2. Umsókn um leyfi til þess að reka útungunarstöð, skal senda landbúnaðarráðuneytinu,  
ásamt vottorði um að hæsnabú það sem lætur af hendi útungunaregg til stöðvarinnar  
hafi staðist blóðpróf gegn kjúklingasótt (salmonellosis pullorum) sbr. 3. gr. og umsögn  
viðkomandi héraðsdýralæknis. Í umsögn dýralæknis skal upplýst um heilsufar fugla á  
búi eða búum þeim sem láta af hendi útungunaregg til stöðvarinnar. Skal það stutt  
vanhaldaskýrslum búanna, og skýrslu viðkomandi alifuglasláturhúss um vanmetafugla

og sjúka fugla frá búinu undanfarna 6 mánuði. Ennfremur skal fylgja umsókninni lýsing á stærð og gerð húsnæðis búins, útungarvélum og afkastagetu þeirra, sem og öðrum búnaði. Tilgreina skal tegund hænsnfugla á búi því sem lætur af hendi útungunaregg til stöðvarinnar.

- 2.3. Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til starfrækslu útungunarstöðva, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, til allt að þriggja ára í senn. Leyfi má afturkalla án fyrirvara ef ástæða þykir til t. d. vegna sjúkdóma eða brota á settum reglum, án þess að bætur komi fyrir.

### 3. gr.

- 3.1. Á búum þeim sem láta af hendi útungunaregg eða selja unga til lífs skulu fara fram blóðprófanir vegna kjúklingasóttar á hænsnum eldri en 6 mánaða. Sýni blóðprófun að í hænsnastofninum leynist smitberar skal stöðva afhendingu útungunareggja eða sölu unga frá búinu, en eigandi skal gefinn kostur á nýrri blóðprófun að þremur mánuðum liðnum. Þau hænsni sem svara jákvætt skulu fjarlægð án tafar úr hænsnabúinu og slátrað jafnskjótt og kostur er.

Að lokinni blóðprófun skal sá sem þau framkvæmir gefa eiganda eða umboðsmanni hans vottorð um árangur prófanna.

- 3.2. Vottorð skoðunarmanns gildir í 12 mánuði frá útgáfudegi, en fellur að þeim tíma liðnum úr gildi uns prófað hefur verið að nýju og er útungun óheimil þann tíma.
- 3.3. Hafi hænsni í búi sýnt neikvæða útkomu við blóðprófanir tvisvar í röð með eins árs millibili er skoðunarmanni leyfilegt að gefa út vottorð er gildi í tvö ár frá útgáfudegi. Sýni hænsnastofn búins framvegis neikvæða útkomu, er eigandu eigi skylt að láta prófa hænsni sín nema annað hvert ár. Er þá nægjanlegt að prófa hluta af hænsnastofni búins (10%) en þó þannig að sem jöfnust hlutfallstala sé tekin úr hverjum hóp eða aldursflokki. Aldrei skal þó prófa færri fugla en 100, en alla fugla skal prófa á búum þar sem fuglar eru færri en 100.

### 4. gr.

- 4.1. Óheimilt er að flytja egg eða fugla í hænsnabú sem hlotið hafa rétt til að selja útungunaregg og unga til lífs frá búi, þar sem blóðpróf hafa ekki verið framkvæmd.
- 4.2. Útungunarstöð er óheimilt að taka við ungum sem hefur verið ungað út í búi, þar sem eru smitberar, jafnvel þótt eggin hafi komið frá búi með jafn heilbrigðum eða heilbrigðri hænsnastofn en fyrir er á útungunarstöð.
- 4.3. Ennfremur er óheimilt að flytja í útungunarstöð fullorðin hænsni nema frá búum sem reynt er að hafi heilbrigð hænsni samkvæmt blóðprófum.

### 5. gr.

- 5.1. Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum framleiðir eða útvegar nauðsynleg efni til rannsóknar á útbreiðslu kjúklingasóttar. Dýralæknar eða aðrir aðilar, sem yfirdýralæknir ákveður framkvæma blóðprófanir með aðferð sem Tilraunastöðin ákveður.
- 5.2. Að prófun lokinni skulu allir fuglar sem sýna jákvæð blóðpróf fjarlægðir og þeim slátrað jafn skjótt og kostur er. Þegar jákvæðir fuglar finnast, skal sýking staðfest með sýklarannsókn. Hænsnahús, hreiður, hæsnagarðar, búr og útungunarvélar, skulu þá sótthreinsaðar á þann hátt sem skoðunarmaður telur tryggilegan.
- 5.3. Skylt er hænsnaeiganda að veita skoðunarmanni nægilega aðstoð við blóðprófun endurgjaldslaust, og fullan aðgang að öllum þeim húsum þar sem hænsni eru geymd. Ef skoðunarmaður telur nauðsynlegt, er hænsnaeigandi og skylt að veita fullkomnar upplýsingar um hverjum hann hafi afhent unga og egg til útungunar síðastliðið ár.

## 6. gr.

Sá sem framkvæmir prófanir vegna kjúklingasóttar tekur þóknun fyrir af hænsna-búseiganda, samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur.

## 7. gr.

- 7.1. Nú verður vart óeðlilega mikilla vanhalda að mati héraðsdýralæknis í útungunarstöð eða í hænsnabúum sem láta af hendi egg til útungunarstöðva og er eiganda þá skylt, ef héraðsdýralæknir krefst, að senda fugla til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, ásamt ítarlegum upplýsingum um einkenni sjúkdómsins. Ennfremur skal umráðamaður útungunarstöðvar hlutast til um að fuglar séu sendir til rannsókna á sama hátt og að framan greinir, ef óeðlilega mikil vanhöld koma fram í ungum seldum frá útungunarstöð hans.
- 7.2. Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm að dómi héraðsdýralæknis í fuglum á útungunarstöð eða á búi sem afhendir útungunarstöð egg, skal héraðsdýralæknir hlutast til um að nauðsynleg sýni séu send til rannsóknar án tafar. Er honum heimilt að stöðva sölu á ungum frá stöðinni fyrirvaralaust uns nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir smitdreifingu frá búinu. Eiganda eða umráðamanni er skylt að veita nauðsynlega aðstoð við sýnatöku og láta sýni af hendi endurgjaldslaust.

## 8. gr.

- 8.1. Á útungunarstöð skal halda nákvæmar dagbækur um rekstur útungunarvéla, sölu unga og vanhöld. Skal héraðsdýralækni heimill aðgangur að þeim, óski hann eftir því.
- 8.2. Óheimilt er að halda gæsir, æðarfugla, endur eða aðra sundfugla á útungunarstöð eða á búum sem afhenda egg til útungunarstöðva. Ennfremur er óheimilt að unga út eggjum þessara fuglategunda ásamt með hænueggjum.
- 8.3. Húsnæði það sem útungun og geymsla unga fer fram í skal vera rúmgott miðað við þarfir. Húsnæði skal þannig úr garði gert að auðvelt sé að hreinsa það og sótthreinsa. Þar skal vera góð aðstaða til að þrifa eggjabakka og annan búnað og áhöld. Þar skal vera hreinlætisaðstaða og aðstaða til fataskipta. Gólf skulu vera úr steinsteypu, gallalaus, með fullkomnum niðurföllum. Húsnæði, búnaði og áhöldum skal halda hreinum og þrifalegum og þar má ekki geyma hluti sem eru starfseminni óviðkomandi. Þeir sem vinna við útungun, afgreiðslu unga og ungageymslu skulu nota sérstök hlífðarföt og skófátnað sem ekki er notaður við önnur störf. Óviðkomandi er bannaður aðgangur að útungunarstöðvum nema gætt sé sérstakra varúðarráðstafana. Óheimilt er að hafa heimilisdýr (hunda, ketti) eða dúfur á útungunarstöðvum. Útungunarstöðvar skulu þannig búnar að þangað komist hvorki rottur eða mýs.
- 8.4. Til flutnings á daggömlum hænuungum skal nota hreinar, áður ónotaðar umbúðir. Eldri unga skal flytja í þar til gerðum umbúðum, og skal þvo þær og sótthreinsa eftir hverja notkun. Umbúðir skulu greinilega merktar „Lifandi ungar“ og skal þess gætt að sem best fari um ungana meðan á flutningi stendur og leitast skal við að flutningar á ungunum séu eins beinir og greiðir og kostur er.
- 8.5. Kyngreining á ungum má ekki fara fram í herbergi þar sem útungun fer fram. Þeir sem kyngreina unga skulu halda áhöldum sínum vel hreinum, og sótthreinsa þau eftir því sem við á að loknu starfi í útungunarstöðinni. Þeir skulu hafa sérstök hlífðarföt og skófátnað við vinnu sína, sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa, og í öllu starfi skulu þeir gæta þess að bera ekki smitefni milli búa eða stöðva. Ungu, sem deyða þarf að lokinni kyngreiningu skal aflífa með jafn skjótum og sársaukalitlum hætti og kostur er.
- 8.6. Fúlegg úr útungunarvéllum, eggjaskurn, sjálfdauda unga eða unga sem eru deyddir skal hirða jafnóðum og brenna eða grafa á tryggilegan hátt. Útungunarvélar, ungageymslur,

eggjabakkar, búnaður og áhöld skulu hreinsuð og sótthreinsuð iðulega og útungunarvél og klekjara í hvert sinn sem útungun hefst á ný. Samráð skal hafa við héraðsdýralækni um sótthreinsun. Þess skal gætt að hún skaði hvorki egg eða unga. Öll sótthreinsunarefni skal geyma undir lás þar sem óviðkomandi ná ekki til.

8.7. Til sótthreinsunar skal nota formalín óblandað (36%) og kalíumpermanganat.

Nota skal 30 ml af formalíni og 20 ml af kalíumpermanganati fyrir hvern kúbikmetra í útungunarvélinni.

Sótthreinsun fer fram á eftirfarandi hátt:

Neðst í vélinni er komið fyrir skál með hæfilegu magni af kalíumpermanganati. Þá er hæfilegu magni af formalíni hellt í skálina. Loftopum verður fyrst að loka.

Strax og formalíni hefur verið hellt í skálina er hurðum vélarinnar lokað. Strax og formalíni hefur verið hellt í skálina kemur fram hiti og formaldehyð gufur myndast.

Vélin er látin standa lokuð í ca. 20 mín. Þá eru loftrásir opnaðar. Þess skal gætt að loftraki í vélinni sé mikill, það eykur á verkun sótthreinsunarefnisins.

Útungunarvélar skal sótthreinsa rétt eftir að egg hafa verið sett í þær.

Ef sótthreinsun fer fram eftir að útungun er hafin, skal nota helming af því sótthreinsunarefni sem að ofan er talið hæfilegt.

9. gr.

Nú kemur upp alvarlegur smitsjúkdómur áður óþekktur hér á landi í útungunarstöð eða í búi sem afhendir egg á útungunarstöð eða rökstuddur grunur um slíkan sjúkdóm, og er þá héraðsdýralækni rétt að fengnu samþykki yfirdýralæknis að gera hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að hefja útbreiðslu sjúkdómsins eða uppræta hann. Jafnframt er eigandi eða umráðamanni skylt að upplýsa hvaða aðilum hafi verið afhentar afurðir frá búinu, um tiltekinn tíma eða hvaða samgangur hafi verið við önnur hænsnabú.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar missi réttinda til útungunar og til þess að afhenda unga eða útungunaregg eitt ár eða lengur, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 77/1981 og tekur gildi 1. maí 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um ráðstafanir gegn kjúklingasótt nr. 225/1950.

Peir aðilar sem þegar hafa hlotið leyfi til sölu á ungum og útungunareggjum halda leyfum sínum þar til gildistími þeirra rennur út. Um endurnýjun leyfa fer eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. janúar 1983.*

**Pálmi Jónsson.**

*Tryggvi Gunnarsson.*